

Hveragerðisbær
Guðmundur F. Baldursson
Breiðumörk 20
810 Hveragerði

Reykjavík, 12. apríl 2021
UST202103-320/A.B.
10.04.02

**Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Hveragerðisbæjar 2017 - 2029 -
Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hveragerðisbæjar er barst 17. mars þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2017 – 2029.

Í erindinu kemur fram að meginmarkmið tillögunnar er að skapa betri grundvöll til frekari uppbyggingar á starfsemi Heilsustofnunar NLFÍ og þjónustu tengdri henni og þétting íbúðarbyggðar. Auk þess kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina nýjan 2,8 ha. landnotkunarreit fyrir íbúðarbyggð ÍB14, sem staðsettur er við Þelamörk á milli Lækjarbrúnar og Hólmabrúnar og minnkar verslunar-og þjónustu reitur VP6 sem því nemur. Einnig kemur fram að hluti VP6 reitsins, sem eftir stendur, rennur saman við reit S8 fyrir samfélagsþjónustu.

Varmá

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að öllu raski verði haldið í lágmarki og að tillagan hafi ekki áhrif á verndargildi Varmár. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur